

Miðvikudaginn 1. apríl 1981.

Nr. 202/1979. Alexander Sigurðsson

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Jóni Ingólfssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmannir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. nóvember 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa borgarfégetarnir Þórhallur Einarsson og Þorkell Gíslason komið fyrir dóm og borið vætti um atriði, er varða afsögn víxils þess, sem er undirrót máls þessa.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi uppi tvær málsástæður, sem eigi var hreyft í héraði. Er skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 eigi fullnægt til að hafa þær uppi fyrir Hæstarétti. Að svo vöxnu ber að staðfesta héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af nýjum gjaldmiðli.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, 4.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Alexander Sigurðsson, greiði stefnda, Jóni Ingólfssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. mars 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi hinn 2. mars sl., hefur Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður, Garðastræti 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri fimmtudaginn 9. nóvember 1978, gegn Alexander Sigurðssyni vélsmið, Krummahólum 6, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.800.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 21. september 1978 til greiðsludags, kr. 4.500 í stimpilkostnað, kr. 2.000 í afsagnarkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur aðallega krafist þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara hefur hann krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og til þrautavara sýknu að svo stöddu. Þá hefur hann og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 1.800.000, útgefnum 21. ágúst 1978 af stefnda, Alexander Sigurðssyni, og framseldum af honum, en samþykktum af sama f. h. Stálvirkjans h/f til greiðslu í Landsbanka Íslands, með gjalddaga 21. september 1978. Víxillinn hafi verið afsagður 25. september 1978. Stefnandi kveður allar innheimtutílaunir utan réttar hafa verið árangurslausar og því hafi málsókn þessi verið nauðsynleg. Kveður hann mál þetta vera einfalt víxilmál og mótmælir því, að aðrar varnir en víxilvarnir samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936 fái að komast að í málinu.

III.

Kröfu sína um frávísun málsins styður stefndi þeim rökum, að við yfirheyrslur í máli þessu í þinghaldi hinn 28. febrúar sl., hafi vitnið Andrés Kristinn Sævar Pétursson, Maríubakka 12, Reykjavík, játað, aðspurður af lögmanni stefnda, að hann væri eigandi víxilsins á dskj. nr. 2, en ekki stefnandi málsins, Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður. Leiði þetta til þess, að sam-

kvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 beri að vísa málinu frá dómi.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að víxill sá, er sé grundvöllur málssóknar stefnanda á hendur honum, sé þannig til kominn, að Stálvirkinn h/f hafi fengið lán í Landsbankanum hinn 4. ágúst 1976 að fjárhæð kr. 11.420.000 og hafi Sævar Pétursson, Maríubakka 12, veitt veðleyfi í íbúð sinni til tryggingar skuldum Stálvirkjans við Landsbankann. Til tryggingar því, að Sævar biði ekki tjón vegna veðsetningar þessarar hafi Alexander Sigurðsson gefið út víxilinn á dskj. nr. 2, sem Stálvirkinn hafi verið samþykkjandi að, og hafi svo um samist, að Sævar gæti innheimt víxilinn, ef Landsbankinn gengi að veðinu í íbúð Sævars. Uppboðssala hafi hins vegar ekki farið fram á íbúð Sævars og því sé ljóst, að handhafi víxilsins eigi engar kröfur á hendur stefnda, þar sem skilyrði það, sem innheimta víxilsins hafi verið bundin við, sé enn ekki komið fram. Sé því ljóst, að stefndi Alexander mundi bíða stórtjón við innheimtu víxils þessa. Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður höfði mál þetta sem handhafi víxilsins samkvæmt eyðuframsali. Honum hafi verið það ljóst, þegar hann eignaðist víxilinn, að uppboðssala hefði enn ekki farið fram á íbúð Sævars Péturssonar, þar sem Jón Ingólfsson hafi hinn 22. maí 1978 og 23. ágúst 1978 ritað stefnda innheimtubréf f. h. Sævars Péturssonar, en bréf þessi hefur stefndi lagt fram á dskj. nr. 4 og 5, en í bréfum þessum sé Jón að krefja stefnda um greiðslu á víxlinum á dskj. nr. 2, sem sé í eigu Sævars Péturssonar. Þessi tvö innheimtubréf beri það með sér, að Sævar Pétursson hafi verið upphaflegur eigandi víxilsins og að víxillinn hafi verið gefinn út og samþykktur til tryggingar því, að Sævar biði ekki tjón vegna veðsetningar þeirrar, sem að framan greinir. Sem lögmanni Sævars hafi Jóni verið það ljóst, hvernig víxill þessi var til kominn, og jafnframt það, að uppboðssala hefði enn ekki farið fram. Þrátt fyrir þessa vitneskju höfði hann mál þetta sem handhafi víxilsins á hendur Alexander Sigurðssyni, sem bíða mundi stórfellt tjón, ef hann yrði dæmdur til greiðslu víxilsins. Til þess að girða fyrir misrétti sem þetta sé varnaraðilja í víxilmáli í 17. gr. laga nr. 93/1933 heimilt að koma með varnir, er lúti að lögskiptunum að baki víxlinum, þegar lögsókn er hafin gegn honum, ef ljóst sé, að víxilhafi hafi af ásettu ráði viljað baka honum tjón, þá er hann eignaðist víxilinn. Af því, sem að framan sé rakið um tilurð víxilsins og skilyrði það, sem innheimta hans

hafi verið bundin við, sé ljóst, að stefnandi máls þessa hafi af ásettu ráði viljað baka stefnda Alexander tjón, þá er hann eignaðist víxilinn. Þegar þetta sé virt, beri samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Ef svo fari, að dómurinn fallist ekki á varakröfu stefnda, hefur hann með tilvísun til 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 krafist þess til þrautavara, að hann verði sýknaður að svo stöddu. Það, sem að framan sé rakið um sýknukröfu hans, sýni, svo ekki verði um villst, að uppboðssala hafi enn ekki farið fram á íbúð Sævars Péturssonar. Skilyrði það, sem innheimta víxilsins hafi verið bundin við, sé því enn ekki komið fram og af því leiði, að greiðsluskylda stefnda hafi enn eigi verið komin, þegar mál þetta hafi verið tekið til dóms, og því beri með tilvísan til áðurnefndrar lagagreinar að sýkna stefnda að svo stöddu, þar sem ljóst sé, að innheimta víxilsins hafi verið bundin því skilyrði, að uppboðssala hefði farið fram.

IV.

Stefnandi höfðar mál þetta samkvæmt víxli, sem hann hefur lagt fram í málinu á dskj. nr. 2. Er mál þetta því víxilmál samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Svarar framlagður víxill hvívetna til málavaxtalýsingar í stefnu og fullnægir í öllum greinum formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933.

Stefndi reisir kröfu sína um frávísun máls á því, að stefnandi sé eigi réttur aðili máls þessa, þar sem það hafi komið fram í yfirheyrslum yfir Sævari Péturssyni, að hann, en ekki Jón Ingólfsson, væri eigandi víxilsins. Handhöfn stefnanda á víxli þessum er til komin fyrir eyðuframsal til innheimtu. Er honum því rétt í sjálfs sín nafni að innheimta víxilinn. En með því að aðildarskortur í dómsmáli leiðir til sýknu, en ekki frávísunar, ber þegar af þeirri ástæðu að synja kröfu stefnda um frávísun málsins af þessum sökum.

Að því er varakröfu stefnda um sýknu varðar, þá er það komið fram í máli þessu, sbr. dskj. nr. 8, að Landsbankinn hefur þegar beiðst uppboðs á íbúð Sævars Péturssonar að Maríubakka 12, Reykjavík, vegna veðleyfis þess, er Sævar veitti Stálvirkjanum í íbúð sinni vegna lántöku þeirrar hjá Landsbankanum, sem áður er getið, og mun uppboðssala fyrirhuguð um miðjan apríl. Þegar þetta er virt, verður eigi séð, að stefndi hafi sýnt fram á, að lögsókn stefnanda á hendur sér samkvæmt víxlinum á dskj.

nr. 2 sé andstæð 17. gr. laga nr. 85/1936 og eigi að leiða til sýknu af kröfum stefnanda.

Með því að framlagður víxill fullnægir, eins og áður er getið, öllum formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933, greinir gjalddaga, sem liðinn er, og hefur verið réttilega afsagður, verður að líta svo á, að stefnandi eigi óskilyrtan víxilrétt á hendur stefnda, og ber því að taka kröfur hans til greina að öllu leyti. Þrautavara-krafa stefnda um sýknu að svo stöddu kemur því ekki til álita samkvæmt framansögðu.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kröfur stefnanda á hendur stefnda verða teknar til greina að öllu leyti.

Málkostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgar-dómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Stefndi, Alexander Sigurðsson, greiði stefnanda, Jóni Ing-ólfssyni héraðsdómslögmanni, kr. 1.800.000 með 3% dráttar-vöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 21. septem-ber 1978 til greiðsludags, kr. 4.500 í stimpilkostnað, kr. 2.000 í afsagnarkostnað og kr. 250.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. apríl 1981.

Nr. 222/1978. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

Einari Matthíassyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Krafa um orlofsfé.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jóns-son og Þór Vilhjálmsson.